

Föstudaginn 1. október 1971.

Nr. 122/1971. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Karli Eron Sigurðssyni og Maríu Haukdal

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

og Unnsteini Jónssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Þjófnaður. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu Karl Eron Sigurðsson og Maríu Haukdal ber að dæma til að greiða óskipt laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00, og ákærða Unnstein Jónsson laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, greiði öll hin ákærðu óskipt.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu Karl Eron Sigurðsson og Maríu Haukdal greiði óskipt laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Ákærði Unnsteinn Jónsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 10.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. júní 1971.

Ár 1971, Þriðjudaginn 1. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 259–261/1971: Ákærvaldið gegn Karli Eron Sigurðssyni, Maríu Haukdal og Unnsteini Jónssyni, sem tekið var til dóms 28. maí s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 29. marz s.l., gegn:

1. Karli Eron Sigurðssyni verkamanni, Melabraut 63, Seltjarnarnesi, fæddum 3. desember 1940 í Reykjavík,

2. Maríu Haukdal, Melabraut 63, Seltjarnarnesi, fæddri 3. marz 1941 í Reykjavík,

3. Unnsteini Jónssyni verkamanni, Baldursgötu 7, nú Hjaltabakka 4, fæddum 15. janúar 1939 að Skárastöðum í Miðfirði, og er sakarefnum lýst þannig í ákæru:

„Gegn ákærða Karli Eron Sigurðssyni er málið höfðað fyrir þjófnað eða gripdeild og skjalafals, en gegn ákærðu Maríu Haukdal og Unnsteini Jónssyni fyrir skjalafals.

I. Þjófnaður eða gripdeild.

Mánudagskvöldið 7. september 1970 var Jón Helgi Sigurðsson, Hjarðarhóli 6 á Húsavík, á dansleik í Þórscafé í Reykjavík, og glataði hann þar seðlaveski sínu, sem í voru um kr. 2.200.00 í peningum, tékkhefti á Útibú Samvinnubankans á Húsavík og ýmis persónuskilríki.

Á þessum dansleik var ákærði Karl Eron Sigurðsson, og sá hann, þegar maður missti veskið við veitingaborð hans (ákærða). Ákærði tók veskið ásamt innihaldi þess og sló á það eign sinni. Peningunum eyddi hann, en hefur endurgreitt þá, og veskinu hefur hann skilað.

Þykir ákærði hafa með töku veskisins ásamt innihaldi gerzt brotlegur við 244. gr. eða 245. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Skjalafals.

Daginn eftir, þriðjudaginn 8. september 1970, fölsuðu ákærðu Karl Eron Sigurðsson og María Haukdal heima hjá sér að ákærða Unnsteini Jónssyni ásjáandi tékka á eyðublað úr hinu stolna tékkhefti, sbr. I. ákærulið, A, nr. 32979, kr. 56.000.00, til handhafa, á ávísanareikning nr. 428, dagsettan 8. september 1970. Falsaði ákærði Karl Eron Sigurðsson nafn útgefanda: Jón Helgi Sigur (sic) (virðist vanta aftan á síðasta orðið), en ákærða, María

Haukdal, falsaði nafn framseljanda: Ólafur Guðmundsson, Ljós-vallagötu 22.

Með falstékkann fóru svo hin ákærðu, öll þrjú, í bifreið í Þingholtsstræti í grennd við Samvinnubankann, Bankastræti 7, í því skyni að selja tékkann í bankanum, og biðu ákærðu Karl Eron Sigurðsson og María Haukdal í bifreiðinni, meðan ákærði Unnsteinn Jónsson fór með tékkann í Samvinnubankann, vitandi um, að um falsskjal var að ræða, og framvísaði honum þar til sölu. Hafði þá eigandi tékkheftisins, Jón Helgi Sigurðsson, tilkynnt bankanum, að hann hefði glatað tékkheftinu, og var tékkinn ekki keyptur, en lögreglan tilkölluð og handtók hinn ákærða Unnstein Jónsson í bankanum og þau ákærðu Karl Eron Sigurðsson og Maríu Haukdal í bifreiðinni í Þingholtsstræti.

Þykja öll hin ákærðu hafa með þessu atferli gerzt brotleg við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að hin ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar“.

Málsatvik.

Að kvöldi 7. september f. á. var ákærði Karl Eron á dansleik í Þórscafé. Þar kom maður að borði hans og missti þar veski sitt án þess að verða þess var. Ákærði Karl stakk á sig veskinu. Í veskinu voru um 2.200.00 kr. í peningum, og eyddi ákærði þeim.

Í veski þessu var einnig tékkhefti með eyðublöðum. Næsta dag ritaði ákærði Karl tékka á eitt af eyðublöðunum. Undir tékkann, sem var að fjárhæð kr. 56.000.00 og útgefinn á reikning 428 í Útibúi Samvinnubankans á Húsavík, ritaði ákærði nafnið Jón Helgi Sigurðsson). Ákærða María, sem er eiginkona Karls Erons, var viðstödd, og ritaði hún aftan á tékkann framsalið Ólafur Guðmundsson, Ljósvallagötu 22. Ákærði Unnsteinn Jónsson var einnig viðstaddur, og tók hann að sér að selja tékkann. Fóru ákærðu nú öll þrjú frá Melabraut 63 í leigubifreið niður í miðborg. Ákærði Unnsteinn fór með tékkann í Samvinnubankann í Bankastræti, en Karl og María biðu í leigubifreiðinni. Unnsteinn hafði meðferðis nafnskríteini Ólafs Guðmundssonar, Ljósvallagötu 22, er Karl Eron hafði fengið honum, en Karl kveðst ekki muna, hvernig skríteinið hafi komizt í vörzlur hans. Unnsteinn ætlaði nú að fá tékkann greiddan í Samvinnubankanum, en þangað hafði áður verið tilkynnt um hvarf tékkheftisins. Var því kallað til lög-reglu og Unnsteinn handtekinn og síðan þau Karl og María eftir tilvísun hans. Kom þannig ekki til þess, að bankinn greiddi tékkann.

Við rannsókn málsins greiddi ákærði Karl Eron bætur til eigna veskisins, kr. 2.200.00.

Niðurstöður.

Með því að slá eign sinni á veski með ýmsum verðmætum, er Jón Helgi Sigurðsson missti við borð í Þórslafé, hefur ákærði Karl Eron gerzt sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með því að reyna að selja tékka með fölsuðum nafnritunum hafa hin ákærðu brotið gegn 155. gr. almennra hegningarlaga, og verða þau öll að teljast aðalmenn að broti þessu.

Öll hin ákærðu hafa áður sætt refsingu.

Karl Eron hefur sætt þessum refsidómum:

- | | | |
|------|-------|---|
| 1956 | 9/11 | 10 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga. |
| 1957 | 8/3 | 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. |
| 1957 | 16/4 | sakfelldur fyrir umferðarbrot, refsing ekki dæmd. |
| 1957 | 7/5 | 8 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaga. |
| 1957 | 30/8 | 15 daga varðhald fyrir bifreiðalagabrot. |
| 1958 | 3/7 | 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. |
| 1962 | 7/6 | 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 247. gr. hegningarlaga. |
| 1965 | 29/3 | 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. |
| 1966 | 16/3 | 30 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot. |
| 1967 | 14/11 | 60 daga varðhald fyrir umferðarlagabrot. |
| 1969 | 20/11 | 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga. |
| 1970 | 15/4 | 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 246. gr. hegningarlaga. |

Ákærði Karl Eron er samkvæmt því, sem nú var sagt, vanaafbrotamaður, og ber að refsa honum samkvæmt 72. gr. almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 77. gr. sömu laga með fangelsi 8 mánuði.

Ákærða María Haukdal var 3. ágúst 1965 dæmd í 7 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir skjalafals og svik. Hún stóðst skilorð þess dóms tilskilinn tíma (3 ár). Refsing hennar verður nú ákveðin fangelsi 4 mánuði.

Ákæru á hendur Unnsteini Jónssyni fyrir þjófnað var 7. apríl 1958 frestað skilorðsbundið 2 ár, og 10. maí 1959 var ákæru á

hendur honum fyrir sams konar brot einnig frestað 2 ár. Síðan hefur hann sætt þessum refsidómum:

- 1960 19/2 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
- 1960 14/10 3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1963 26/6 60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
- 1965 27/3 2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1967 22/3 9 mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað.
- 1967 31/8 30 daga fangelsi (hegningarauki) fyrir skjalafals.
- 1968 6/2 sakfelldur fyrir þjófnað, refsing ekki dæmd.
- 1968 4/10 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1969 3/2 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1969 7/7 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1969 3/12 6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
- 1970 30/1 sakfelldur fyrir skjalafals, refsing ekki dæmd.

Ákærði sætir nú refsidómi í þrettánda sinn og verður því talinn vanaafbrotamaður, sbr. 72. gr. hegningarlaga. Verður refsing hans ákveðin fangelsi 8 mánuði. Hann hefur sætt gæzluvarðhaldi síðan 19. f. m., og er rétt, að vist þessi, 13 dagar, dragist frá refsingu ákærða, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákveða ber, að ákærði Unnsteinn skuli greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500.00, en að annan sakarkostnað skuli ákærðu greiða in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Karl Eron Sigurðsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærða, María Haukdal, sæti fangelsi 4 mánuði.

Ákærði Unnsteinn Jónsson sæti fangelsi 8 mánuði. Frá refsingu hans dragist gæzluvarðhaldsvist hans í 13 daga.

Ákærði Unnsteinn Jónsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 4.500.00. Annan kostnað sakarinnar greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.